



Þarfa- og valkostagreining

*Nýtt varðveislu- og geymsluhúsnæði
fyrir söfn og menningarstofnanir
Reykjanesbæjar*



Parfa- og valkostagreining

*Nýtt varðveisl- og geymsluhúsnæði
fyrir söfn og menningarstofnanir
Reykjanesbæjar*

Reykjanesbær, 21. október 2022

Inngangur

Í húsi sem kennt er við Ramma að Seylubraut 1 hafa Byggðasafn Reykjanesbæjar og Listasafn Reykjanesbæjar varðveisluhúsnæði fyrir safnkost sinn og skrifstofur. Í Ramma er einnig hýst fjargeymsla Bókasafns Reykjanesbæjar, skjalageymsla og ýmis búnaður og byggingarefni á vegum Hljómahallar og Umhverfis- og skipulagssviðs. Húsið hefur verið á sölu í mörg ár sem skapar óvissu fyrir söfnin. Að flytja safnkost svo stórra safna er umfangsmikið verkefni sem krefst vandaðs undirbúnings. Það er ljóst að verði Rammi seldur mun flutningur úr húsinu taka marga mánuði. Komi til flutninga á safnkosti þarf viðunandi húsnæði að liggja fyrir með góðum fyrirvara.

Varðveisluhúsnæði og geymsluhúsnæði eru ekki einn og sami hluturinn. Til varðveisluhúsa eru gerðar mjög sértækar kröfur til að tryggja réttar varðveisluáðstæður fyrir safnkostinn. Þær eru umfram þær kröfur sem almennt eru gerðar til geymsluhúsnæðis. Það er öllum ljóst að Rammi er óhentugt hús fyrir söfnin. Ekki er hægt að aðgreina grófari muni frá þeim fínni og skapa varðveisluáðstæður sem henta hverjum gripaflokki. Safnaráð sér um eftirlit með söfnum og fór úttekt hjá byggðasafninu og listasafninu fram í mars 2022. Niðurstaðan var að varðveisluáðstaðan í Ramma væri ófullnægjandi. Því er ljóst að þörf er á endurbættu húsnæði fyrir söfnin.

Þarfa- og valkostagreiningin er unnin af forstöðumönnum eða fulltrúum þeirra sviða og stofnana innan sveitarfélagsins sem nýta núna safnamiðstöðina í Ramma, Seylubraut 1, sem varðveislu- eða geymslurými. Eva Kristín Dal, safnstjóri Byggðasafns Reykjanesbæjar leiðir vinnuna.

Efnisyfirlit

| | | |
|--------|--|----|
| 1. | Markmið verkefnis | 5 |
| 2. | Hagsmunaaðilar | 6 |
| 3. | Þarfagreining | 7 |
| 3.1. | Byggðasafn Reykjanesbæjar | 7 |
| 3.1.1. | Núverandi staða..... | 7 |
| 3.1.2. | Viðhorf forstöðumanns..... | 7 |
| 3.1.3. | Rýmisþörf..... | 8 |
| 3.2. | Listasafn Reykjanesbæjar | 10 |
| 3.2.1. | Núverandi staða..... | 10 |
| 3.2.2. | Viðhorf forstöðumanns | 10 |
| 3.2.3. | Rýmisþörf..... | 11 |
| 3.3. | Bókasafn Reykjanesbæjar | 12 |
| 3.3.1. | Núverandi staða..... | 12 |
| 3.3.2. | Viðhorf forstöðumanns | 13 |
| 3.3.3. | Rýmisþörf..... | 14 |
| 3.4. | Skjaladeild | 18 |
| 3.4.1. | Núverandi staða..... | 18 |
| 3.4.2. | Viðhorf skjalastjóra | 18 |
| 3.4.3. | 3.4.3. Rýmisþörf..... | 18 |
| 3.5. | Hljómahöll & Rokksafn Íslands | 19 |
| 3.5.1. | Núverandi staða..... | 19 |
| 3.5.2. | Rýmisþörf..... | 19 |
| 3.6. | Menningarfulltrúi og Duus safnahús | 20 |
| 3.6.1. | Núverandi staða..... | 20 |

| | | |
|--------|---|----|
| 3.6.2. | Rýmisþörf..... | 21 |
| 3.7. | Umhverfis- og skipulagssvið..... | 22 |
| 3.7.1. | Núverandi staða..... | 22 |
| 3.7.2. | Rýmisþörf..... | 22 |
| 3.8. | Heildarrýmisþörf | 23 |
| 4. | Valkostagreining | 23 |
| 4.1. | Valkostur 1: Nýbygging | 24 |
| 4.2. | Valkostur 2: Kaup á 5.000 m ² húsi og breytingar í samræmi við þarfir..... | 24 |
| 4.3. | Samanburður valkosta | 25 |
| | Lokaorð..... | 27 |

1. Markmið verkefnis

Eins og fram hefur komið er tímabært að taka varðveislu- og geymslumál sveitarfélagsins til endurskoðunar. Safnamiðstöðin í Ramma að Seylubraut 1 gegnir að miklu leyti þessu hlutverki sem stendur. Húsið er aftur á móti óhentugt fyrir þetta verkefni og uppfyllir ekki skilyrði varðveisluhúsnæðis fyrir söfn. Rekstrarkostnaður Ramma er að auki hár og lofthæð hússins nýttist illa. Rammi er til sölu en það ástand hefur í för með sér óvissu fyrir þær stofnanir sem hafa aðstöðu þar. Af þessum ástæðum var ráðist í að gera þessa forathugun. Ákveðið var að skilgreina markmið fyrir verkefnið. Meginmarkmiðin eru fjögur og undir þau falla eftirfarandi árangursmarkmið.

| Meginmarkmið | Árangursmarkmið |
|--|--|
| Tryggja varðveislu safneignar byggðasafns, listasafns og bókasafns | Uppfylla skyldur skv. viðeigandi lögum sem gilda um söfnin Bæta varðveisluáðstæður svo þær verði fullnægjandi skv. safnaráði |
| Góð þjónusta við íbúa og gesti | Standa við skuldbindingar við almenning varðandi þjónustu, til dæmis að bókasafnið þjónusti alla íbúahópa og að byggða- og listasafnið varðveiti, rannsaki og miðli því sem söfnunum hefur verið falið til varðveislu Gefa menningarstofnunum og -starfsemi tækifæri til að vaxa í takt við fólksfjölgun og breytta íbúasamsetningu |
| Betri nýting fjármuna | Lækkaður rekstrarkostnaður Minni ferðatími og lækkaður aksturskostnaður Betri nýting húsnæðis |
| Betri starfsaðstaða | Aukin starfsánægja |

2. Hagsmunaaðilar

Hagsmunaaðilar verkefnisins eru íbúar og starfsfólk sveitarfélagsins auk þeirra sviða og stofnana sem málið snertir. Í Ramma hafa að auki félagasamtök afnot af húsnæði undir slökkviliðsminjasafn samkvæmt samningi við bæjarfélagið.

| Hagsmunaaðilar | Hlutverk | Væntingar | Mikilvægi (M) | Áhrif (Á) | Einkunn (M x Á) | Aðgerðir |
|--------------------------------|--|---|---------------|-----------|-----------------|---------------------------|
| Íbúar | Notendur þjónustu | Varðveisla sé tryggð, bókasafnið standi undir mannfjöldanum, menningarviðburðir | 5 | 1 | 5 | Viðeigandi upplýsingagjöf |
| Starfsfólk | Þjónusta við íbúa | Góð starfsaðstaða | 5 | 2 | 10 | Samráð |
| Byggðasafn Reykjanesbæjar | Varðveitir og sýnir menningararfinn | Örugg varðveisla og góð starfsaðstaða | 5 | 3 | 15 | Samráð |
| Listasafn Reykjanesbæjar | Varðveitir og sýnir nútímalist | Örugg varðveisla og góð starfsaðstaða | 5 | 3 | 15 | Samráð |
| Bókasafn Reykjanesbæjar | Heldur úti lögbundinni bókasafnsþjónustu | Gott húsnæði sem uppfyllir þarfir starfseminnar | 5 | 3 | 15 | Samráð |
| Menningarfulltrúi | Rekur Duus safnahús og hefur umsjón með menningarviðburðum | Trygg geymslu- aðstaða | 5 | 3 | 15 | Samráð |
| Hljómahöll og Rokksafn Íslands | Viðburða- og sýningahaldari | Trygg geymslu- aðstaða | 5 | 3 | 15 | Samráð |
| Skjaladeild Reykjanesbæjar | Varðveitir skjöl bæjarfélagsins skv. lögum | Trygg geymslu- aðstaða | 5 | 3 | 15 | Samráð |
| Umhverfis- og skipulagssvið | Geymir búnað og byggingar- efni | Trygg geymslu- aðstaða | 5 | 3 | 15 | Samráð |
| Slökkviminjasafnið | Sýnir slökkviliðsminjar | Hefur núna afnot af húsnæði í eigu sveitarfélagsins | 2 | 1 | | Viðeigandi upplýsingagjöf |
| Bæjaryfirvöld | Tekur stjórnslu- ákvarðanir | Fagleg vinnubrögð | 5 | 5 | 25 | Vandaður undirbúningur |

3. Þarfagreining

3.1. Byggðasafn Reykjanesbæjar

3.1.1. Núverandi staða

Byggðasafnið hefur nú varðveisluhúsnæði í Ramma, Seylubraut 1. Húsið var byggt undir starfsemi gluggasmiðju og því ekki hannað undir núverandi starfsemi. Í Ramma er stórt varðveislurými þar sem flestir munir safnsins eru varðveittir. Ljósmyndir, textíll og skjöl eru þó í afmörkuðu rými, nokkurs konar „húsi inni í húsi“. Hólfunin dugar þó skammt þar sem opið er úr þessu rými í stóra varðveislusalinn. Skrifstofur eru í áföstu húsi og er aðstaðan komin til ára sinna.

Ekki er hægt að stýra hita- eða rakastigi í varðveislurýmum þar sem loftræstikerfi hússins er bilað og hefur svo verið lengi. Þakið lekur en unnið er á úrbótum á því. Innkeyrsluhurðar opnast beint úr varðveislurýminu út á malarplan svo ryk berst auðveldlega inn. Engin aðstaða er til að taka á móti, hreinsa og einangra gripum sem berast til safnsins en það er mikilvægt til að halda ryki, myglu og skordýrum frá öðrum safngripum. Fulltrúi safnaráðs tók út húsnæði safnsins í mars 2022 og var niðurstaðan að varðveisluhúsnæði safnsins væri ábótavant.

Varðveislurýmið hefur einnig verið notað sem geymsluhúsnæði fyrir önnur svið, m.a. umhverfis- og skipulagssvið og fræðslusvið en það samræmist ekki kröfum safnaráðs enda eiga varðveislurými og geymslur ekki samleið.

3.1.2. Viðhorf forstöðumanns

Safnstjóri byggðasafnsins tekur undir mat safnaráðs um að varðveisluhúsnæði safnsins sé ábótavant. Aðstæður fyrir ýmsa gripaflokkar eru ófullnægjandi og hafa neikvæð áhrif á gripina, sérstaklega ljósmyndir og filmur. Að sama skapi er óhentugt að ekki sé hægt að skipta varðveislurýminu í minni einingar. Það fer til að mynda illa saman að geyma vélknúin farartæki í sama rými og aðra safngripum.

Það sem af er ári 2022 hafa nokkur atvik komið upp sem sýna glögg fram á hversu óhentugt húsið er sem varðveisluhúsnæði. Í febrúar varð ljóst að skordýr af gæruætt hefðu hreiðrað um sig í afmörkuðum hluta safnkostsins. Í ljósi þess þurfti að fara í umfangsmiklar aðgerðir til að útrýma þeim. Væri aðskilin móttökuaðstaða til staðar hefði líklega ekki komið til þessa. Umfang verkefnisins er einnig mjög stórt og nær til alls safnkostsins því varðveisluhúsnæðið er ekki hólfað niður og því allt húsið undir. Í ágúst hófst svo eldgos í Merardölum. Brennisteinsmengun sem berst frá gosinu hefur tærandi áhrif á flesta gripaflokka en

Ljósmyndir, filmur og silfur eru sérlega viðkvæm. Gripið var til þess ráðs að setja mikið magn gripa í plast en það er ráðstöfun sem getur aðeins talist tímabundin.

Nýtt varðveisluhúsnæði myndi tryggja betri varðveislu safnkostsins til framtíðar, auka yfirsýn yfir safneignina og auðvelda vinnu starfsfólks til muna.

3.1.3. Rýmisþörf

Húsnæðisþörf Byggðasafns Reykjanesbæjar er þrískipt; varðveislurými, starfsmannaaðstaða og geymslu- og vinnurými. Samanlögð rýmisþörf Byggðasafns Reykjanesbæjar er 3.600 m².

A. Varðveislurými: 3.240 m²

Varðveislurými eru ætluð fyrir varðveislu safnkosts og umsýslu með hann. Í varðveislurýmum þarf að vera loftræstibúnaður með kolasíum sem hindrar utanaðkomandi mengun. Þetta er sérstaklega mikilvægt í ljósi nálægðar við virk eldstöðvakerfi en brennisteinstvíoxíð (SO₂) og brennisteinsvetni (H₂S) sem koma upp við eldsumbrot eru mjög skaðleg fyrir flest alla gripaflokka sem varðveittir eru í safninu. Ekkert dagsljós skal berast inn í varðveislurými.

Húsið þarf að hafa viðeigandi brunahólfun ásamt bruna- og innbrotsviðvörðunarkerfi. Í öllum brunahólfum ætti að vera vatnsúðakerfi nema í ljósmynda-, filmu- og textílrymum ásamt skjalageymslu, þar skal vera gaslökkvibúnaður.

Frágangur á lóð ætti að vera malbik eða annað rykheftandi yfirborð. Reynslan sýnir að mikið ryk berst inn í Ramma um hurðar og sets á safngripi þar sem mól er umhverfis húsið.

Varðveislurýmið skiptist í tíu einingar og þarf að vera hægt að stýra hita- og rakastigi í hverri einingu fyrir sig. Til að draga úr sveiflum skal einangra húsið betur en almennt tíðkast. Í húsinu þarf einnig að vera miðlægt hússtjórnarkerfi sem stýrir aðstæðum í hverju rými.

- Almennt munasafn – húsgögn og stærri munir: 900 m²
 - Varðveisluaðstæður: Hitastig 18° C og rakastig 45-50%
 - Lofthæð a.m.k. 6 m
- Almennt munasafn – smámunir: 600 m²
 - Varðveisluaðstæður: Hitastig 18° C og rakastig 45-50%
- Grófgeymsla - bifreiðar, bátar o.s.frv.: 1200 m²
 - Varðveisluaðstæður: Hitastig 10-18° C og rakastig 45-55%
 - Lofthæð a.m.k. 6 m og innkeyrsluhurð ekki lægri en 5 m
- Textílrými: 150 m²
 - Varðveisluaðstæður: Hitastig 18° C og Rakastig 45-50%
- Ljósmyndageymsla: 50 m²
 - Varðveisluaðstæður: Hitastig 10° C og rakastig 35-40%
- Filmugeymsla: 50 m²
 - Varðveisluaðstæður: Hitastig 4° C og rakastig 35-40%
- Þurrgeymsla: 20 m²
 - Varðveisluaðstæður: Hitastig 18° C og rakastig 10-15%
- Skjalasafn: 50 m²
 - Hitastig 15-18° C og rakastig 45-50%
- Vinnu- og móttökurými með ljósmyndaaðstöðu (gripir flokkaðir, hreinsaðir og myndaðir áður en þeir eru skráðir, undirbúningur fyrir sýningar): 200 m²
- Frystiklefi fyrir ný aðföng inn af vinnu- og móttökurými: 20 m²
- Byggðasafnið á hillur og rekka sem eru 3 m á hæð. Ef lofthæð er meiri væri hægt að minnka grunnflöt varðveisluhússins en hafa milliloft eða aðra hæð. Ef sú leið verður farin þarf að tryggja að vörulyfta sé í húsinu. Gera má ráð fyrir að bæta þurfi við búnaði í varðveislurýmið; hillur, rekka og grindur.

| |
|---|
| B. Starfsmannaaðstaða: 150 m² |
|---|

- Fjórar skrifstofur
- Kaffiaðstaða
- Fundarherbergi
- Salerni

C. Geymslu- og vinnurými: 210 m²

- Smíðaverkstæði: 60 m²
- Geymsla fyrir sýningarbúnað: 150 m²

Fundaraðstaða, kaffiaðstaða, geymsla fyrir sýningarbúnað og smíðaverkstæði gætu verið sameiginleg með listasafninu og/eða öðrum stofnunum með starfsemi í húsinu. Mikilvægt er að öll önnur rými séu eingöngu á forræði byggðasafnsins.

Samtals fyrir Byggðasafn Reykjanesbæjar: 3600 m²

3.2. Listasafn Reykjanesbæjar

3.2.1. Núverandi staða

Listasafn Reykjanesbæjar hefur nú varðveisluhúsnæði í Ramma, Seylubraut 1. Varðveislurými listasafnsins er í sama rými og varðveislurými listasafnsins og gilda sömu annmarkar varðandi hönnun, loftræstingu og fleira sem kom fram í kafla 3.1.

Í Ramma er girt af um 100 fermetra varðveislurými fyrir listasafnið, sem nú er löngu sprungið. Í skýrslu frá fulltrúa Safnaráðs 2022 segir:

„Listasafnið er í raun "hús inn í húsi" þar sem það hefur verið byggt innan í Byggðasafnsgeymslunni. Slíkt fyrirkomulag virðist óhentugt þar sem aðgengi er erfitt. Til að komast að þessari geymslu þarf að fara nokkuð langan veg í gegnum geymslur Byggðasafnsins. Einnig er skjalasafn Byggðasafnsins geymd innan þessarar geymslu, svo ganga þarf í gegnum Listasafns geymsluna til að komast í hana. Aukinn umgangur. Að auki er hér plássleysi og munir varðveittir "frammi í Byggðasafninu og eru því að blandast safnkosti þar. Það er ekki hentugt skipulag.“

Eins og áður hefur komið fram var mat fulltrúa safnaráðs að húsnæði safnsins væri ábótavant.

3.2.2. Viðhorf forstöðumanns

Safnstjóri listasafnsins tekur undir mat safnaráðs um að varðveisluhúsnæði safnsins sé ábótavant. Safnkostur Listasafns Reykjanesbæjar, telur nú um tæplega 1500 myndverk. Til samanburðar, er magnið svipað og safnkostur Hafnaborgar í Hafnafirði, þannig er umfang og virði safneignar Listasafns Reykjanesbæjar, meira heldur en marga grunar.

Varðveislurýmið er í raun löngu sprungið og ekki hægt að bæta safnkosti við inn í ætlað rými listasafnsins. Ekki pláss fyrir vinnuástöðu, sem er starfsfólki listasafnsins nauðsynlegt til að stunda rannsóknir á safneigninni. Nýtt varðveisluhúsnæði myndi tryggja betri varðveislu safnkostsins til framtíðar, auka yfirsýn yfir safneignina og auðvelda vinnu starfsfólks til muna.

3.2.3. Rýmisþörf

Húsnæðisþörf Listasafns Reykjanesbæjar er þrískipt; varðveislurými, starfsmannaaðstaða og geymslu- og vinnurými. Samanlögð rýmisþörf Listasafns Reykjanesbæjar er 650 m².

A. Varðveislurými: 450 m²

Varðveislurými eru ætluð fyrir varðveislu safnkosts og umsýslu með hann. Í varðveislurýmum þarf að vera loftræstibúnaður með kolasíum sem hindrar utanaðkomandi mengun. Þetta er sérstaklega mikilvægt í ljósi nálægðar við virk eldstöðvakerfi en brennisteinstvíoxíð (SO₂) og brennisteinsvetni (H₂S) sem koma upp við eldsumbrot eru mjög skaðleg fyrir flest alla gripaflokka sem varðveittir eru í safninu. Ekkert dagsljós skal berast inn í varðveislurými.

Húsið þarf að hafa viðeigandi brunahólfun og bruna- og viðvörunarkerfi skv. kröfum safnaráðs. Í öllum brunahólfum ætti að vera að vera Argonite slökkvibúnaður.

Varðveislurýmið skiptist í 2 einingar og þarf að vera hægt að stýra hita- og rakastigi í hverri einingu fyrir sig. Til að draga úr sveiflum þarf að einangra húsið betur en almennt tíðkast. Í húsinu þarf einnig að vera miðlægt hússtjórnarkerfi sem stýrir aðstæðum í hverju rými.

Varðveisluaðstæður: Hitastig 18° C og rakastig 45-50%. Lofthæð a.m.k. 3 m.

- **Rými 1.** Listaverkageymsla fyrir stór verk á rennigrindum eða í þéttiskápum – samtals um 650 m² af veggfleti. Ef miðað er við nýtt varðveisluhúsnæði Hafnaborgar, sem hefur umsýslu með safnkosti svipuðum að stærð og Listasafn Reykjanesbæjar. Húsnæði Hafnaborgar er um 200 m² sem hýsir rúma þéttiskápa af þeirri stærð ásamt lágmarks vinnurými.
- **Rými 2.** Til viðbótar við það þarf rými sem er sambærileg að fermetrafjölda við Rými 1 – um 200 m² með hillum og teikningaskápum.
- **Umsýslurými** fyrir skoðun og þökkun þarf að vera í tengslum við geymslurnar. Gæta verður að því að aðgangur inn í geymslurnar sé ekki beinn – heldur að millirými svo hægt sé að stýra hita og raka í geymslum eins og kostur er.

Í rýminu þarf að vera:

- sjálfvirkt gasslökkvikerfi
- hita/eld/vatnsskynjarar
- þjófavarnarkerfi
- öryggismyndavélar innan- og utanhúss sem eru beintengdar við stjórnstöð

Aðgengi að geymslunum þarf að vera beint – það er að ekki þurfi að fara um stiga með stór verk og aðgengi flutningabíla þarf að vera gott.

B. Geymslu- og vinnurými: 100 m²

- Geymsla fyrir sýningarbúnað, verkfæri o.fl.
- Ljósmyndaaðstaða og verkstæði.

C. Starfsmannaaðstaða: 100 m²

- Skrifstofur
- Kaffistofa og salerni

Verði farin sú leið að hafa varðveisluhúsnæði og skrifstofur byggðasafns og listasafns samliggjandi væri hægt að samnýta kaffiaðstöðu og ljósmyndaaðstöðu og verkstæði.

Samtals fyrir Listasafn Reykjanesbæjar: 650 m²

3.3. Bókasafn Reykjanesbæjar

3.3.1. Núverandi staða

Bókasafn Reykjanesbæjar er í Ráðhúsi, Tjarnargötu 12. Húsið var byggt undir starfsemi bankastofnunar er er því ekki hannað undir núverandi starfsemi. Í kjallara hússins er 30 m² geymsla og þjónar sem nærgeymsla fyrir bókakost og tímarit og er að hluta til deilt með skjaladeild Reykjanesbæjar. Sú geymsla er opin fyrir alla sem getur skapað hættu og þar er mikil matarlykt sem berst frá mötuneyti sem er slæm fyrir allan pappír. Auk þess er safnið með 80 m² í Ramma, í opnu rými, þar sem aðgengi að bókum, tímaritum auk alls fágætis sem

safnið býr yfir. Til fágætis telst safnkostur sem á ekki að vera aðgengilegur fyrir gesti vegna t.d. aldurs og sögu. Reglulega er farið í Ramma og sóttar bækur sem lánþegar vilja fá og lesa. Um aðbúnað safnskots í Ramma gildir það sama og hjá Byggðasafninu; ekki er hægt að stýra hita- eða rakastigi í varðveislurýmum, leki og ryk.

Staðan er bagaleg þegar kemur að geymslu á munum eins og stólum, borðum, hillum og ýmsum munum sem tilheyra nútíma safni og hafa þeir munir verið settir hér og þar í Ráðhúsi - allt frá kjallara upp í rjáfur á þriðju hæð hússins.

3.3.2. Viðhorf forstöðumanns

Forstöðumaður Bókasafns Reykjanesbæjar hefur lengi bent á aðstöðuleysi og ófullnægjandi aðstöðu fyrir safnið og geymslurými sem hentar ekki starfseminni. Næргеymslan er við hlið mötuneytis sem fer illa saman.

Flatarmál jarðhæðar nýtist aðeins að hluta vegna samnýtingar við aðra nágranna í húsi. Auk þess er stór hluti starfseminnar í birtulitlum kjallara sem nýtist mjög illa vegna þrengsla og ranghala. Þar er rýminu skipt niður í mörg afmörkuð rými sem heftir mjög uppsetningu hillna, flæði og öryggi gesta og starfmannna.

Bókasafnið er safn sem þarf að vaxa í takt við samfélagið sem það þjónar og á síðustu árum hefur verið vegið að starfseminni þrátt fyrir áður óséða fjölgun í sveitafélaginu. Árið 2013 var verulega þrengt að safninu þegar því var þrýst inn í núverandi húsnæði og ástand og umgjörð safnsins hefur farið hríðversnandi á síðustu árum.

Með þessa stöðu í huga þarf að gera ráð fyrir miklu geymslurými fyrir bókasafnið þar sem safnið hefur ekki möguleika á að stilla upp safnkosti sínum nema að takmörkuðu leiti og því fer mikil vinna og tími í að fylla á hillur og færa gögn til og frá í geymslu svo hægt sé að anna lögbundnum skyldum safnsins til lánþega. Safnið mun því áfram þurfa mikið geymslurými sem kemur til með að aukast hratt með stækkandi samfélagi ef ekki verður gripið inn í húsnæðisvanda þess.

3.3.3. Rýmisþörf

Húsnæðisþörf Bókasafns Reykjanesbæjar er í meginatriðum; útlánadeild, bókakostur fyrir fullorðna, börn og ungmenni, lesaðstaða, starfsmannaaðstaða, almennt rými og varðveislurými og geymslur.

Um starfsemi Bókasafns Reykjanesbæjar gilda lög nr. 150/2012 sem segja meðal annars að:

„Almenningsbókasöfn eru menningar-, upplýsinga- og menntastofnanir reknar af sveitarfélögum. Allir landsmenn skulu eiga kost á að njóta þjónustu almenningsbókasafna. Öllum sveitarfélögum er skylt að standa að slíkri þjónustu í samræmi við þessi lög. Sveitarfélög ráða starfslíð almenningsbókasafna sem á vegum þeirra starfa, sjá söfnunum fyrir viðunnandi húsnæði og búa þau nauðsynlegum búnaði.“

Miðað við stöðu bókasafnsins í dag má gera ráð fyrir vaxandi þörf fyrir geymslur á komandi árum. Stóraukin útgáfa, íbúafjöldi veldur því að ákveðin prósentu bóka fer í geymslu. Þar spilar inn í að í nútímasafni er aukin þörf á rými fyrir fólk. Fjöldi sem samsvara öllum nýjum aðföngum (sem fjölgar samhliða íbúafjölda) á ári þarf að fara í geymslu. Í Stapasafni sem verður opnað almenningi 2023 er ekki gert ráð fyrir neinum geymslum og gera þarf ráð fyrir að þeim safnkosti verður komið fyrir í geymslum Bókasafns Reykjanesbæjar.

Varðveisluaðstæður fyrir bækur og muni:

- Hitastig 16-18°C og raka stig 45-55%.
- Ekkert dagsljós skal berast inn í varðveislurými.
- Ekki má berast mengun af lykt eða fitu sökum matvælaframleiðslu eða annarrar framleiðslu í sama húsnæði.
- Loftræstikerfi ætti að vera útbúið kolasíu til að koma í veg fyrir loftmengun.
- Taka þarf tillit til flóðahættu við val á staðsetningu.
- Vatnslagnir skulu ekki vera í varðveislurýmum.
- Brunaviðvörðunarkerfi skal vera til staðar.
- Safnkostur má ekki vera í rými með öðrum munum sem gætu borið með sér óværu sem sækir í pappír og lím (veggjatítlu, mýs og fleira). Óværa getur einnig borist inn í rými með stökkum og óþéttum veggjum.
- Hillur þurfa að vera að minnsta kosti 15 cm frá jörðu og minnst 10 cm frá vegg.
- Huga þarf að góðu aðgengi í hillum og að nóg pláss sé milli rekka (trillur, vagnar).
- Taka þarf tillit til að geymslan er á jarðskjálftasvæði, festingar þurfa að vera í hillum.
- Bækur sem eru innbundnar í leður þarf að geyma sér. Efnis- og pappírs bundnar bækur mega vera saman.

Greining á rýmisþörf bókasafnsins er hér gerð út frá tveimur sviðsmyndum, sú fyrri gerir ráð fyrir að bókasafnið verði áfram í ráðhúsinu eða öðru sambærilegu húsi en að varðveislurými og geymslurými verði í aðskildu húsi. Sú síðari tekur mið af því að öll rými bókasafnsins séu undir einu þaki.

Sviðsmynd 1: Varðveisluhúsnæði og geymslur í öðru húsi en útlánadeildir

Um varðveislurými gildir að þar þarf að vera stöðugt hita- og rakastig, 16-18° C og 45-55% loftraki. Sólarljós má ekki berast inn í rýmið. Tryggja þarf að utanaðkomandi mengum berist ekki inn í húsið með góðri loftræstingu með kolasíum. Viðeigandi brunakerfi skal vera í rýmum og húsinu valinn staður með tilliti til flóðahættu og vatnslagnir hannaðar með tilliti til varðveislusjónarmiða.

A. Varðveislurými: 700 m²

- Almennt varðveislurými fyrir safnkost: 560 m²
- Almennt varðveislurými fyrir Stapasafn: 120 m²
- Eldtraust varðveislurými: 20 m²
 - Varðveislurými fyrir verðmæt og fágæt bindi og áttthagastofu, um 2.000 bindi.

Verði fjárfest í útdregnum geymsluskápum fyrir bækur er hægt að minnka varðveislurýmið um 50%, þ.e. 350 m².

B. Geymslur: 220 m²

- Geymsla: 80 m²
 - Sýningarmunir og sýningarbúnaður
- Geymsla: 140 m²
 - Húsgögn, hillur og búnaður, ýmislegt tengt viðburðum o.fl.

C. Vinnuaðstaða: 25 m²

- Skrifstofa / vinnuaðstaða: 25 m²

Samtals fyrir Bókasafn Reykjanesbæjar, sviðsmynd 1: 945 m²

Sviðsmynd 2: Öll starfsemi bókasafnsins í einu húsi

A. Útlánadeild fullorðinna: 1.100 m²

Útlánadeildin felur m.a. í sér bókarými og rými fyrir tímarit og dagblöð, afgreiðslu, leitartölvur fyrir notendur, netkaffi, sæti, sýningar, fjölnota sal og fleira.

B. Hnokka-, barna- og útlánadeild: 500 m²

Smábarnakrúkur, barnadeild, ungmennadeild og myndasögudeild.

C. Lestraraðstaða, þróun og nýsköpun: 350 m²

Lessalur, bókarými (handbækur og innbundin tímarit), afgreiðsla, hópvinnu- og fundarherbergi, rými fyrir þróun og nýsköpun og rithöfunda og fræðimenn.

D. Varðveislurými og geymslur: 120 m²

- Almennt varðveislurými: 100 m²
 - Varðveislurými fyrir 17.000 bindi, annað hvort í venjulegum hillum eða draghillum. Séu draghillur notaðar er hægt að minnka rýmisþörfina um helming.
- Eldtraust varðveislurými: 20 m²
 - Varðveislurými fyrir verðmæt og fágæt bindi, um 2.000 talsins.
- Geymsla: 220 m²
 - Geymsluaðstaða fyrir sýningarborð, auka stóla og fl. alls 40 m².
 - Geymsla: 80 m² Sýningarmunir og sýningarbúnaður
 - Geymsla: 140 m² Húsgögn, ýmislegt tengt viðburðum o.fl.

E. Vinnuaðstaða starfsfólks: 200 m²

- Skrifstofa forstöðumanns
- Aðföng, flokkun og skráning
- Frágangur og plöstudun
- Viðgerðir og bókbund
- Sérþjónusta
- Barna- og ungmennadeild, vinnuaðstaða
- Þróun, miðlun, fjölmennung og sýningar, vinnuaðstaða
- Viðburðir, fræðsla, vefstjórn, vinnuaðstaða
- Upplýsingaþjónusta, tækni og tölvur, vinnuaðstaða
- Kaffistofa
- Fataherbergi

F. Almennu rými: 230 m²

Forstofa, fatahengi, gangar, læstir skápar, salerni og ræsting.

Samtals fyrir Bókasafn Reykjanæsbæjar, sviðsmund 2: 2.500 m²

3.4. Skjaladeild

3.4.1. Núverandi staða

Samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 ber Reykjanesbæ að fylgja í einu og öllu þeim reglum sem Þjóðskjalasafn setur um skjalavörslu opinberra aðila. Skjalasafnið er mikilvægur hluti starfsemi Reykjanesbæjar og í því er jafnframt að finna sögu sveitarfélagsins. Í dag hefur skjaladeild geymslurými fyrir eldri skjöl í Ramma, Seylubraut 1. Skjaladeild þarf nauðsynlega á að halda varðveislurými til að tryggja varðveislu skjala. Rammahúsið var ekki hannað undir varðveislu skjala og uppfyllir því ekki skilyrði til þess. Ekki er hægt að stýra hita- og/eða rakastigi í húsinu þar sem loftræstikerfið er bilað sem kemur sér afar illa við geymslu skjala. Einnig þyrfti að vera svokallaður Argonite slökkvibúnaður í varðveislurýminu sem notar ekki vatn til að slökkva eld þar sem vatn má ekki fara á skjöl. Það er því ljóst að núverandi húsnæði uppfyllir ekki kröfur Þjóðskjalasafns Íslands um varðveislu skjala.

3.4.2. Viðhorf skjalastjóra

Skjalastjóri Reykjanesbæjar telur að núverandi geymsla sé ekki viðunandi fyrir geymslu á skjölum bæjarins þar sem skjöl þarfnast varðveislurýmis en ekki geymslu. Nýtt húsnæði myndi tryggja varðveislu gagna og bæta aðstöðu starfsfólks til muna þar sem aðstaða til vinnu í Rammahúsinu er mjög takmörkuð.

3.4.3. Rýmisþörf

Varðveislurými eru ætluð fyrir varðveislu skjala og umsýslu þeirra. Í varðveislurýmum þarf að vera loftræstibúnaður með kolasíum sem hindrar utanaðkomandi mengun. Þetta er sérstaklega mikilvægt í ljósi nálægðar við virk eldstöðvakerfi en brennisteinstvíoxíð (SO₂) og brennisteinsvetni (H₂S) sem koma upp við eldsumbrot eru mjög skaðleg fyrir skjöl sem varðveitt eru í safninu. Ekkert dagsljós skal berast inn í varðveislurými. Húsið þarf að hafa viðeigandi brunahólfun og bruna- og viðvörunarkerfi skv. kröfum Þjóðskjalasafns. Í öllum brunahólfum ætti að vera Argonite slökkvibúnaður þar sem ekki má fara vatn á skjöl.

Varðveislurými Skjaladeildar Reykjanesbæjar: 100 m²

3.5. Hljómahöll & Rokksafn Íslands

3.5.1. Núverandi staða

Ýmsir hlutir á vegum Hljómahallar og Rokksafns Íslands eru geymdir í Ramma. Erfitt er að hafa yfirsýn yfir það sem tilheyrir starfseminni og aðgengi er háð því að starfsmaður byggðasafnsins sé á staðnum.

3.5.2. Rýmisþörf

Húsnæðisþörf Hljómahallar/Rokksafns Íslands er opið geymslurými sem er 200 m² að stærð til að hýsa:

- búnað sem tengist sýningahaldi á Rokksafni Íslands
- hljóð-, ljósa og tæknibúnað sem tilheyrir tæknisviði Hljómahallar
- borð, stóla, ofna, diskka, glös og annað sem tilheyrir veitingasviði Hljómahallar
- Ýmsan annað búnað sem tilheyrir rekstri Hljómahallar

Geymslurými Hljómahallar og Rokksafns Íslands: 200 m²

3.6. Menningarfulltrúi og Duus safnahús

3.6.1. Núverandi staða

Menningarfulltrúi hefur aðsetur í Gömlu búð sem er skrifstofuhúsnæði Súlunnar. Starfsemi menningarfulltrúa fylgir ýmiss konar búnaður í tengslum við viðburðahald í bænum. Í kjallara Gömlu búðar er hægt að geyma til bráðabirgðar eitt og annað sem ekki er viðkvæmt fyrir rakabreytingum eða vatni því fyrir hefur komið að flætt hefur inn í kjallarann í vatnsveðrum. Aðgengi að kjallaranum er í gegnum lúgu á gólfi og niður nokkuð brattan stiga. Þar hefur menningarfulltrúi geymt eitt og annað sem m.a. tengist Aðventugarði svo sem hitablásara, stóla o.þ.h. Menningarfulltrúi hefur geymt annað sem við kemur starfseminni á nokkrum stöðum; í SBK húsi/Slippnum og í Umhverfismiðstöð að Fitjabraut. SBK húsið hefur verið selt og því þarf að finna lausn varðandi það sem hefur verið geymt þar m.a. fimm söluskúra og fjögur sæluhús.

Í **Duus Safnahúsum** er geymslupláss af afar skornum skammti og segja má að öll skúmaskot séu nýtt til geymslu á borðum, stólum og öðru því sem komið verður fyrir og fylgir sýninga- og viðburðahaldi í húsunum. Þannig hefur stólum og borðum m.a. verið komið fyrir í litlum tækjarýmum í Bryggjuhúsi sem ætluð eru fyrir tölvubúnað, rafmagnstöflur o.fl. slíkt sem hamlar auðvitað aðgengi að þeim. Á bak við listasal er aðal geymslurými hússins, um 30m² rými þar sem eftirfarandi er geymt:

- Fjórar stólagrindur með um 20 stólum hver
- Tveir vagnar með borðum.
- Vínglös
- Flygill
- Bæklingar
- Dúkar
- Fánar
- Verkfæri
- Málning
- Ýmiss búnaður m.a. ljós og hljóðbúnaður
- Og margt fleira.

Þarna er afar þröngt um allt og alvanalegt að þegar verkleg vinna á sér stað í húsinu t.d. í aðdraganda nýrra sýningar að hlutir séu settir á gólfið sem m.a. hamla aðgengi að neyðarútgangi. Í húsinu er t.d. ekkert verkstæði eða aðstaða til verklegra framkvæmda annað

en þetta litla rými. Í því er líka vatnsinntak og rafmagnstöflur og aðgengi að því nokkuð takmarkað þar sem stóla- og borðagrindum er raðað fyrir framan þetta.

Sýningarbúnaður er að mestu geymdur í Ramma og því kostar það mikla fyrirhöfn og flutninga þegar niðurtaka og uppsetning sýninga á sér stað. Flytja þarf sýningaborð og stöpla á milli staða með tilheyrandi fyrirhöfn og kostnaði. Best væri auðvitað ef allt það sem fylgdi sýningahaldinu væri hægt að geyma í sýningarhúsunum sjálfum eða nær þeim en nú er.

3.6.2. Rýmisþörf

Rýmisþörf fyrir verkefni menningarfulltrúa er miðað við núverandi stöðu og með tilliti til fjölgunar þeirra til framtíðar u.þ.b. 270m² köld geymsla og 30m² upphitað rými.

A. Köld geymsla: 270 m²

Rými fyrir:

- Fimm söluskúra og fjögur sæluhús sem nýtt eru m.a. í Aðventugarði, við skautasvell, 17. júní og ýmsa viðburði = 250m²
- Ljósatröss sem tengjast skautasvelli = 20m²

B. Upphitað geymsla: 30 m²

Geymslupláss fyrir ýmis konar búnað:

- Mixerar, hátalarar og ljós.
- Búnaður sem tengist söluskúrum, hitablásarar, stólar, ruslafötur o.fl.
- Skautasvell og búnaður

Gera verður ráð fyrir að með stækkandi samfélagi megi reikna með auknum búnaði af einhverju tagi og taka tölurnar mið af því. Þannig má áætla að 300m² heildarrými væri ekki fjarri lagi.

C. Geymsla fyrir Duus safnahús, upphituð: 100 m²

Núverandi geymsla er um 30m² og er allt of lítil þar sem hún ræður ekki við að geyma þann búnað sem nú þegar er í húsunum. 100m² rými væri lágmark til að geta geymt þann búnað sem nú þegar er í húsunum að viðbættum öðrum nauðsynlegum sýningarbúnaði svo sem stöplum og sýningaborðum. Með því myndi sparast mikill tími og akstur sem er reglubundinn hluti af starfseminni eins og staðan er.

Samtals geymslurými menningarfulltrúa og Duus safnahúsa: 400 m²

3.7. Umhverfis- og skipulagssvið

3.7.1. Núverandi staða

Umhverfis- og skipulagssvið geymir nú ýmsa hluti í Ramma. Þar er hins vegar ekkert afmarkað rými fyrir sviðið og er geymslan því í sama rými og varðveisluhúsnæði byggðasafnsins. Erfitt er fyrir starfsmenn sviðsins að hafa yfirsýn yfir það sem er þar í geymslu. Þessi staða er óviðunandi fyrir byggðasafnið þar sem geymslu- og varðveislurými fara illa saman. Ryk berst inn í húsnæðið með byggingarefnum og skaðar safnkostinn, umgangur aðila sem tengjast safninu er mikill og óhóflegur tími starfsmanns safnsins fer í að hafa umsjón með flutningum á efni í og úr rýminu.

3.7.2. Rýmisþörf

Húsnæðisþörf Umhverfis- og skipulagssviðs er opið geymslurými sem er 200 m² að stærð til að hýsa vörur sem pantaðar eru fyrir byggingar á vegum bæjarfélagsins. Um er að ræða skammtímageymslu, ekki stendur til að geyma byggingarefni eða hluti til lengri tíma.

Samtals geymslurými Umhverfis- og skipulagssviðs: 200 m²

3.8. Heildarrýmisþörf

| Stofnun eða svið | Fermetrar |
|--------------------------------|----------------------|
| Byggðasafn Reykjanesbæjar | 3600 |
| Listasafn Reykjanesbæjar | 650 |
| Bókasafn Reykjanesbæjar | 945 / 0 * |
| Skjaladeild Reykjanesbæjar | 100 |
| Hljómahöll og Rokksafn Íslands | 200 |
| Menningarfulltrúi og Duushús | 400 |
| Umhverfis- og skipulagssvið | 200 |
| Samtals | 6.095 / 5.150 |

*Fyrri talan miðast við sviðsmynd 1 þar sem varðveislurými og geymslur Bókasafns Reykjanesbæjar eru staðsett í nýju varðveislu- og geymsluhúsnæði. Síðari talan miðast við sviðsmynd 2, það er að önnur lausn verði fundin á húsnæðismálum bókasafnsins.

4. Valkostagreining

Valkostir eru tveir í stöðunni. Annars vegar að byggja nýtt varðveislu- og geymsluhúsnæði, hins vegar að kaupa hús og breyta því í samræmi við þarfagreiningu. Hér er reiknað með því að bókasafnið hafi varðveisluhúsnæði á sama stað og útlánadeildir en ekki í varðveislu- og geymsluhúsnæðinu. Verði fyrirkomulagið áfram á þá leið að bókasafnið notist við fjarvarðveisluhúsnæði og -geymslur má gera ráð fyrir 945 m² til viðbótar.

Taka ber fram að kostnaðarmat fyrir valkostina er nokkuð gróft og margir óvissuþættir í því. Óhætt er að reikna með allt að 20% frávikum á hvorn veginn sem er. Kostnaðarmat fyrir valkost 2 er þó byggt á framreiknuðum raunkostnaði við breytingar á varðveisluhúsi Þjóðminjasafns Íslands árin 2015-2016. Breytur sem geta haft áhrif á kostnað eru þó margar og því þarf að taka matinu með fyrirvara. Ef fá á nákvæmara kostnaðarmat fyrir valkostina þarf að fá til þess sérfræðinga sem eru ekki í þessum starfshóp.

4.1. Valkostur 1: Nýbygging

Byggt væri u.þ.b. 5.000 m² hús á lóð í eigu sveitarfélagsins. Horft hefur verið til Grófarinnar eða Helguvíkur í þessum efnum. Gróflega áætlaður kostnaður við slíka nýbyggingu er 1.200.000.000 kr. Gera má ráð fyrir óvissu upp á um ±20%. Kostnaður gæti því numið á bilinu 1.000.000.000 til 1.400.000.000 kr.

4.2. Valkostur 2: Kaup á 5.000 m² húsi og breytingar í samræmi við þarfir

Finna þyrfti hentugt húsnæði sem væri 5.000 m² að stærð og gera breytingar á því svo það uppfylli þarfir notenda. Árin 2015-2016 kostuðu sambærilegar breytingar á varðveisluhúsnæði Þjóðminjasafns Íslands að Tjarnarvöllum 12 um 75.000 kr. á fermetra. Sé sú upphæð framreiknuð miðað við ársmeðaltal byggingarvísitölu 2021 má ætla að sú upphæð hafi verið 90.000 kr. á fermetra árið 2021. Í september 2022 hefur byggingarvísitalan hækkað um 9% frá árslokum 2021 sem þýðir að núvirði er 98.000 kr. Miðað við þessar forsendur gætu breytingar á eldra húsi sem er 5.000 m² að stærð kostað um 490.000.000 kr. Bæta þarf við kostnaði vegna gasslökkvibúnaðar við þessa upphæð þar sem ekki er slíkur búnaður að Tjarnarvöllum 12. Það skýrist af því að allur safnkostur Þjóðminjasafns Íslands sem krefst slíks búnaðar er varðveittur í Vesturvör 16-20 þar sem Ljósmyndasafn Íslands er til húsa, en ljósmyndasafnið tilheyrir Þjóðminjasafninu. Gera má ráð fyrir að kostnaður við gasslökkvibúnað sé um 70.000.000 kr. Er þá ótalið kaupverð hússins. Miðað við markaðsverð gæti það numið 400.000.000 kr. Kostnaður við valkost 2 er því áætlaður 960.000.000 kr. Óvissuþættir eru margir en ólíklegt er að kostnaður verði lægri en hér er tilgreint.

4.3. Samanburður valkosta

Valkostur 1: Nýbygging

Kostnaðarmat: 1.200.000.000 kr.

Kostir

- Nýbygging væri hönnuð frá grunni í samræmi við þarfir.
- Lausar lóðir eru í Grófinni og Helguvík. Staðsetningin er mjög hentug með tilliti til starfsemi safnanna í Duus safnahúsum. Þessi staðsetning myndi hafa í för með sér rekstrarhagræði þar sem minni tími og kostnaður færi í ferðir starfsfólks og flutninga á gripum.

Gallar

- Dýrari valkostur

Valkostur 2: Kaup á húsi og breytingar í samræmi við þarfir

Kostnaðarmat: 960.000.000 kr.

Kostir

- Ódýrari valkostur

Gallar

- Erfitt eða ómögulegt gæti reynst að finna hús við hæfi og af réttri stærð. Lítið framboð er af húsum í þessum stærðarflokki.
- Óvissa varðandi fasteignaverð. Kaupverð er hér metið sem 400.000.000 kr. Fermetraverð á iðnaðarhúsnæði er þó mjög breytilegt og er að miklu leyti háð staðsetningu og ástandi húsnæðis.
- Óvissa varðandi kostnað við breytingar á húsnæði. Kostnaðurinn fer eftir húsnæðinu sjálfu og ástandi þess.
- Staðsetning á húsinu væri líklega ekki eins hentug þar sem iðnaðarhúsnæði af þessari stærð eru ekki víða.

Á þessu stigi málsins liggur fyrir lauslega áætlað kostnaðarmat fyrir ofangreinda valkosti. Hafa ber þó í huga að óvissa er mikil því margar breytur geta haft áhrif á verðmatið, t.d. byggingarvísitala, fasteignarverð, hönnun, ástand húss, útfærsla og umfang breytinga.

Samkvæmt kostnaðarmatinu er valkostur 2 ódýrari en valkostur 1. Í samanburðinum er valkosti 2 talið til tekna að vera ódýrari en valkostur 1. Hafa þarf þó í huga að litlu munar á valkosti 2 (960.000.000 kr.) og neðra gildi valkostar 1 (1.000.000.000 kr.). Þar sem óvissuþættir í kostnaðarmatinu eru margir er ekki útséð um hvor valkosturinn yrði á endanum hagkvæmari. Til að skera úr um það þyrfti að gera ítarlegra kostnaðarmat þegar skýrari forsendur liggja fyrir.

Kostnaður er að sama skapi ekki eina breytan sem þarf að horfa til. Framboð á húsnæði getur haft áhrif á fýsileika valkostar 2 en lítið er um svo stór iðnaðarhúsnæði á söluskrá. Einnig ætti að taka tillit til markmiða verkefnisins sem fjallað er um í kafla 1.3. Dæmi um breytur sem vert væri að skoða í því samhengi eru staðsetning, varanleiki, gæði, rekstrarhagræði og aðstaða starfsfólks. Þetta eru þættir sem hafa áhrif á rekstur stofnananna sem munu hafa aðstöðu í húsinu. Á þessu stigi er þó ekki hægt að meta þessar breytur þegar valkostir eru bornir saman þar sem ekki liggja fyrir nógu ítarlegar útfærslur á valmöguleikunum.

Lokaorð

Gerð hefur verið ítarleg þarfagreining fyrir varðveislu- og geymsluhúsnæði sem myndi nýtast Byggðasafni Reykjanesbæjar, Listasafni Reykjanesbæjar, Bókasafni Reykjanesbæjar, skjaladeild, menningarfulltrúa, Hljómahöll og Umhverfis- og skipulagssviði.

Kröfur sem gerðar eru til varðveisluhúsa safnanna eru nokkuð sértækar en er engu að síður nauðsynlegar til að tryggja viðunandi varðveisluaðstæður fyrir safnkostinn. Núverandi húsnæði í Ramma uppfyllir ekki þær kröfur.

Einhverjum kann að þykja kostnaðurinn við varðveislu- og geymsluhúsnæði hár. Ekki má þó gleyma að með því að flytja starfsemi Byggðasafns Reykjanesbæjar og Listasafns Reykjanesbæjar í nýtt húsnæði losnar Rammi við Seylubraut 1 sem hefur í mörg ár verið til sölu. Að auki eru ýmsir þættir sem ekki má líta fram hjá sem ekki verða metnir til fjár í þessari úttekt. Þar má nefna að ný og betri aðstaða tryggir varðveislu menningararfsins og sögu sveitarfélagsins fyrir komandi kynslóðir. Öll umsýsla með safnkost safnanna verður að auki auðveldari en í núverandi aðstöðu fer mikill tími starfsfólks í að flytja safnkostinn til svo hægt sé að komast að öllu. Það gefur auga leið að það fer illa með safngripina og er sóun á tíma starfsfólks. Nýtt húsnæði mun að auki bæta vinnuaðstöðu starfsmanna sem er langt frá því að vera til fyrirmyndar í dag. Yfirsýn yfir safnkostinn mun aukast en hún er undirstaðan að sjálfbærri söfnun.

Þegar taka skal ákvörðun um framtíðarhúsnæði safnsins þarf að hafa nokkur atriði í huga. Kostnaður vegur að sjálfsgöðu þungt en einnig ætti að gefa breytum á borð við staðsetningu, varanleika og gæði vægi. Þannig má tryggja að fjárfestingin nýtist sem best til framtíðar og auki hagræði í rekstri stofnananna.



REYKJANESBÆR

Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS